



## Kostnaðarjöfnur í virkjanalíkani

Hörður Svavarsson

Greinargerð HS-83/01

04/02/83  
ORKUSTOFTNUN Vatnsorkudeild  
Verk- og vatnafræði

Greinargerð

REYKJAVÍK  
ORKUSTOFTNUN  
VATNSORKUDEILD  
VERK- OG VATNAFRÆÐI

GREINARGERÐ

KOSTNAÐARJÖFNUR Í VIRKJANALÍKANI.

Hörður Svavarsson

HS-83/01

Febrúar 1983

## KOSTNAÐARJÖFNUR Í VIRKJANALÍKANI

### 1. INNGANGUR

Hér á eftir verður gerð grein fyrir jöfnum þeim sem notaðar eru við kostnaðarreikninga í virkjanalíkani Orkustofnunar "HYDRO" (Gunnlaugur H. Jónsson 1980). Gerð verður grein fyrir kostnaði við einstök mannvirki og einingarverð sem notuð eru. Allur kostnaður er miðaður við verðlag í maí 1976 (vísitala byggingarkostnaðar 105 stig). Kostnaður fyrir hvern lið er gefinn í miljónum gamalla króna. Lýst er hvaða stærðir koma inn í hverja jöfnu og hversvegna. Í öllum kostnaðarjöfnum er innifalin óbeinn kostnaður sem reiknast 50% af beinum kostnaði. Til stendur að endurskoða einingarverð og kostnaðarreikninga fljóttlega.

### 2. ÁRLEGUR KOSTNAÐUR

Árlegar greiðslur af fjárfestingum. Miðað er við, að allar fjárfestingar séu fjármagnaðar með lánum, sem endurgreidd verða með jöfnum árlegum afborgunum á jafnlöngum tíma og afskriftartími mannvirkjanna er áætlaður. Ein árleg greiðsla af fjárfestingunni SK nemur  $SK*k(n,r)$ , þar sem  $k(n,r)$  er svokallaður annuitetsstuðull. Hann má finna með jöfnunni:

$$k(n,r) = \frac{r}{1 - (1+r)^{-n}}$$

n er afskriftartíminn í árum og r er reiknivextirnir. Gert er ráð fyrir því að byrjað verði að greiða niður fjárfestinguna sama árið og hún er tekin í notkun.

Í virkjanalíkani Orkustofnunar er nú miðað við að reiknivextir séu 8% og að mannvirkin séu afskrifuð á 40 árum, var áður miðað við 12% reiknivexti og 40 ára afskriftir.

$$k(40, 0.08) = \frac{0,08}{1 - (1+0,08)^{-40}} = 0,0839$$

Þessu til viðbótar kemur fastur rekstrarkostnaður mannvirkjanna, svo sem vegna viðhalds, umsjónar, trygginga, mannahalds o.fl. Þessi kostnaður er áætlaður ákveðin prósenta af stofnkostnaði mannvirkjanna á ári. Í virkjanalíkani Orkustofnunar er miðað við 1% af stofnkostnaði mannvirkja.

Árlegur kostnaður verður því 0,0839 + 0,01 = 0,0939 eða 9,39% af stofnkostnaði mannvirkja.

Árlegur hagnaður er reiknaður samkvæmt þessu (í Mkr):

$$\text{Árlegur hagnaður} = E^*2,50 - 0,0939*K - (\text{Eneg-Epos})^*17,50$$

Verðlag í maí 1976 (vísitala byggingarkostnaðar 105 stig), og miðað við verðlag í des. 1982 (vísitala byggingarkostnaðar 1482 stig).

$$\text{Árlegur hagnaður} = E^*0,35 - 0,0939*K - (\text{Eneg-Epos})^*2,47$$

K : Stofnkostnaður í Mkr.  
 E : Framleidd orka í GWh/a.  
 Eneg : Orkuskortur í GWh/a.  
 Epos : Umframorka í GWh/a

Gengið er út frá því að orka megi mest kosta 2,50 (0,35) kr/kWh til að vera hagkvæm, fyrir litlar og dýrar virkjanir hefur verið notað 3,50 kr/kWh. Miðað er við að orkuskortur að frádreginni umframorku kosti orkusala 17,50 (2,47) kr/kWh. Þessi kostnaður ætti í raun að vera jafn og kostnaður við að framleiða rafmagn með dísilrafstöðvum, ef ekki er umframorka fáanleg frá öðrum vatnsorkuverum. Einnig er vafasamt að verðleggja umframorku (Epos) til jafns við orkuskort, nema umframorkan vegi upp orkuskort.

### 3. KOSTNAÐARJÖFNUR FYRIR MANNVIRKI

#### Skurðir.

$$\text{CANAL} = \text{CANLEN} + \text{CANLEM} * \text{RMQ}$$

Jafnan er línulegt fall af hönnunarrennsli, reiknaður er kostnaður fyrir mismunandi rennsli og táknað jafnan línu í gegnum þá punkta. Þetta er gert í sérstöku forriti "CANAL".

CANAL : Kostnaður við skurð í miljón gkr.  
 RMQ : Hönnunarrennsli m3/s.  
 CANLEN : Fasti.  
 CANLEM : Fasti.

Einingarverð: Óbeinn kostnaður innifalinn.

Kostnaður við sprengingar (kr/m <sup>3</sup> )	:	2100
Kostnaður stíflufyllingar (kr/m <sup>3</sup> )	:	1600
Kostnaður við gröft á jarðvegi (kr/m <sup>3</sup> )	:	600

Jarðstíflur.

$$\text{RESERV} = (\text{R} * 1.575 + \text{F} * 2.) / 1000 + \text{SL} * .01$$

RESERV : Kostnaður við stíflu í miljón gkr.  
 Óbeinn kostnaður 50% er innifalin í  
 einingarverðum, t.d. fyrir stíflurúmmál  
 verður einingarverðið  $1050 * 1,5 = 1575$  kr/m<sup>3</sup>.  
 R : Rúmmál stíflufyllingar í m<sup>3</sup>.  
 F : Langskurðarflatarmál stíflu (m<sup>2</sup>).  
 SL : Lengd stíflu (m).

Einingarverð: Gert er ráð fyrir að stíflufylling kosti 1575 kr/m<sup>3</sup>. Kostnaður vegna þettingar og hreinsunar undir stíflu er áætlaður út frá langskurðarflatarmáli á 2000 kr/m<sup>2</sup>. Kostnaður vegna vegagerðar og fl. er áætlaður út frá lengd stíflu á 10.000 kr/m.

Yfirlögg.

$$\text{SPILLW} = 3.143 * (\text{VSVID} - \text{FLAT}) / (\text{VSVID})^{**} (.3333)$$

Fastinn 3,143 er jafn og  $2,09533 * 1,5$  v/óbeins kostnaðar.  
 SPILLW : Kostnaður við yfirlögg í miljón gkr.  
 VSVID : Vatnasvið í km<sup>2</sup>.  
 FLAT : Flatarmál lóns í km<sup>2</sup>.

Botnrásir.

$$\text{BOTNRA} = (28 + 2.2 * \text{DD}^{**} 2 + 30.6 * (\text{DD}^{**} 2 - \text{D}^{**} 2) + 21.4 * \text{D}) * 1.5 * \text{BOTL}$$

Ath. Botnrás er reiknuð sem fóðruð jarðgöng.

BOTNRA : Kostnaður við botnrás í miljón gkr.  
 Margföldunarstuðull 1,5 er vegna hækunar um 50%  
 fyrir óbeinan kostnað.  
 D :  $0.67 * \text{VSVID}^{**}.3333$   
 DD : D + 1.2  
 VSVID : Vatnasvið í km<sup>2</sup>.  
 BOTL : Lengd á botnrás í km.

Ófðoruð jarðgöng.

$$\text{TUNUNL} = (28 + 2.2 * \text{DD}^{**2} + 19 * \text{D}) * 1.5 * \text{TUNLEN}$$

Gert er ráð fyrir í kostnaðarreikningum að "ófðoruð jarðgöng" séu fððruð að 1/5 hluta. Margföldunarstuðull 1,5 er vegna hækunar um 50% fyrir óbeinan kostnað.

TUNUNL : Kostnaður fyrir ófðoruð jarðgöng í miljón gkr.

D : Þvermál í metrum, lágmark 2,5 metrar eða  
 $2 * (\text{RMQ}/3.62)^{**0.414}$

DD : D + 0.6

TUNLEN : Lengd á jarðgöngum í km.

RMQ : Hönnunarrennsli í m³/s.

Fððruð jarðgöng.

$$\text{TUNLIN} = (28 + 2.2 * \text{DD}^{**2} + 30.6 * (\text{DD}^{**2} - \text{D}^{**2}) + 21.4 * \text{D}) * 1.5 * \text{TULEN}$$

TUNLIN : Kostnaður fyrir fððruð jarðgöng í miljón gkr.  
 Margföldunarstuðull 1,5 er vegna 50% hækunar fyrir óbeinan kostnað.

D : Þvermál í metrum, lágmark 1,6 metrar eða  
 $2 * (\text{RMQ}/12.54)^{**0.47}$

DD : D + 1.2

TULEN : Lengd á jarðgöngum í km.

RMQ : Hönnunarrennsli í m³/s.

Fallgöng.

$$\text{FGONG} = ((4.35 + .331 * \text{SMIS}) * \text{D}^{**2} + 160 * \text{D} + 117) * \text{FULEN}$$

FGONG : Kostnaður í miljón gkr.

D : Þvermál í metrum, lágmarks þvermál 1,6 m eða  $\text{RMQ}^{**0.434} / \text{ABS}(\text{XINNH-UTH})^{**0.105}$

FULEN : Lengd á fallgöngum í km.

SMIS : Sjá vélar og rafbúnaður.

RMQ : Hönnunarrennsli í m³/s.

XINNH : Áætluð meðal inntakshæð m y.s.

UTH : Úthæð m y.s.

Aðkomugöng.

$$\text{ACTUNN} = 353 * \text{AL}$$

ACTUNN : Kostnaður í miljón gkr.

AL : Lengd á aðkomugöngum í km.

Inntök og lokur.

$$RINNL = 4.5 * SKI + 75$$

RINNL : Kostnaður við inntök og lokur í miljón gkr.  
 SKI : Rennsli í rúmmetrum á sekúndu.

Stöðvarhús.

$$STATFR = 24. * (XIBN * SMIS) ** 0.25 * SKI ** 0.5 * TURF$$

STATFR : Kostnaður í miljón gkr.  
 XIBN : (AFF/120+1), lágmark = 2.  
 SMIS : Sjá vélar og rafþúnaður.  
 SKI : Rennsli í rúmmetrum á sekúndu.  
 AFF : Afl í MW  
 TURF : jafnt og 1 ef reikna á kostnað fyrir stöðvarhús annars jafnt og 0.

Vélar og rafþúnaður.

$$TURGEF = (1.5 * (70 - .21 * AFF / XIBN) * AFF * (SMIS ** (-.3333) + .13) + 195) * TURF$$

TURGEF : Kostnaður í miljón gkr.  
 Margföldunarstuðull 1,5 er til að bæta við 50% fyrir óbeinan kostnað.  
 AFF : Afl í MW.  
 XIBN : (AFF/120)+1 , (lágmark jafnt og 2, samsvarar 120 MW afli).  
 SMIS : X-UTH-DF\*XGL\*\*2-1 eða XINNH-UTH-DF\*XGL\*\*2-1 valin er sú stærð sem er stærri  
 TURF : Jafnt og 1 ef reikna á kostnað fyrir vélar og rafþúnað, annars jafnt og 0.  
 X : Hæsta miðlun m y.s.  
 UTH : Úthæð m y.s.  
 DF : Falltöp (m).  
 XGL : Hönnunarrennsli (G1/2v)  
 XINNH : Áætluð meðalinntakshæð m y.s.

#### 4. LOKAORD

Aðrir kostnaðarliðir sem koma inn í "HYDRO" eru:

ADDRES : Viðbótar stíflukostnaður í Mgkr.

VEITA : Kostnaður við veitur í Mgkr.

ANNAD : Annar kostnaður t.d. vegagerð og annað slikt í Mgkr.

Í virkjanalíkani Orkustofnunar "HYDRO" eru allar kostnaðartölur miðað við verðlag (gkr.) í maí 1976 (vísitala 105 stig), lesin er inn ný vísitala og niðurstöður sem prentaðar eru út eru miðaðar við þá vísitölu í nýkr.

Kostnaður er gefinn upp fyrir einstök mannvirkni í hverjum safnpunkt (virkjun, miðlun) ásamt heildarkostnaði fyrir viðkomandi safnpunkt. Einnig er sýndur heildarkostnaður allra sambærilegra mannvirkja í virkjanakerfinu svo og heildar kostnaður fyrir virkjunarkerfið.

#### 5. HEIMILDIR

Gunnlaugur H. Jónsson 1980: HYDRO -A Dynamic Simulation Program for Optimization of Hydropower Sites and Simulation of Hydropower Plants. Preprint of a paper presented at the Nordic Hydrological Conference, Vemdalen, Sweden, August 10-16th 1980.